

Ed.

94. Frumvarp

til laga um loftskeytastöðvar á flutningaskipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Hvert islenzkt vöruflutningaskip, sem notað er til vöruflutninga milli landa eða með ströndum fram, sem er 500 smálestir brúttó eða stærra, skal hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn loftskeytamann, er öðlazi hefir starfs-skirteini frá landssímanum.

2. gr.

Langdrægi stöðvanna skal undir venjulegum skilyrðum ekki vera minna en 300 sjómílar, miðað við kristalviðtæki án magnara.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkv. heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar á skipum, með tilliti til öryggis mannlífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum og reglugerðum eru loftskeytastöðvar fyrirskipaðar á öllum farþegaskipum, stórum og smáum, og vöruflutningaskipum 1600 smál. brúttó og stærri. Samkvæmt þessu eru öll islenzk skip, sem útbúin eru til fólksflutninga, útbúin með loftskeytatakjum. Hinsvegar eru nú islenzk flutningaskip, sem ekki hafa enn loftskeytastöðvar og eru ekki skyldug til þess lögum samkvæmt.

Nauðsyn loftskeytastöðva á skipum, er sigla milli landa, er ótvíræð, hvort heldur er séð frá öryggi mannlífa eða fljótverkari tilkynningum frá farmsendendum eða eigendum skipanna. Loftskeytastöðvar á skipum eru svo nauðsynleg björgunartæki, að löggjöfin verður að tryggja það, að engin skip séu án þeirra.

Nú sem stendur eru 5 skip, sem ekki hafa loftskeytastöðvar. Eru þau þessi:

Hekla	brúttóstærð	1214.81	smál.
Katla	—	1209.19	—
Edda	—	1450.70	—
Columbus	—	1185.09	—
Selfoss	—	775.00	—

Öllum þessum skipum er ætlað að staðaldri að sigla til útlanda, og sum þeirra eru útbúin til þess að flytja nokkra farþega.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk Félags isl. loftskeytamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði.